

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. apríl 2024
Málsnúmer: 202403-0052
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu Selfosslínu 1.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt, dags. 20. mars 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Landnets á lagningu hluta Selfosslínu 1 í jarðstreng sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tilkynnta framkvæmd og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Áformað er að taka niður núverandi Selfosslínu 1 á kafla frá núverandi tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 norðan við Hellisskóg, norðan Ölfusár. Í staðinn verður lagður 132 kV jarðstrengur. Nýi strengurinn mun í meginráttum fylgja nýrri legu Suðurlandsvegar og fara yfir nýja brú yfir Ölfusá.

Ef kynntir valkostir við legu jarðstrengsins verða fyrir valinu er líklegt að austan Ölfusár verður lítið rask við lagningu jarðstrengsins til viðbótar við það sem mun fylgja lagningu nýs Suðurlandsvegar og byggingu nýrrar Ölfusárbrúar. Þar er einkum landbúnaðarland sem verður fyrir raski og því einhver neikvæð áhrif á t.d. búsvæði mófugla sem nýta slíkt land sem varpsvæði. Huga þarf að því á framkvæmdatíma. Vestan Ölfusár mun verða rask á lítt snortnu svæði meðfram vesturbakka Ölfusár norður að mastri nr. 99. Stór hluti þess verður innan skógræktarsvæðis og lítið um rask á vistgerðum með hátt verndargildi. Huga þarf að frágangi og að forðast rask á varptíma fugla.

Niðurrifi loftlínu munu fylgja jákvæð áhrif á fuglalíf því líkur á áflugshættu munu minnka við hvarf línunnar. Koma þarf í veg fyrir mengunarhættu við framkvæmd niðurrifs línunnar og fjarlægja alla hluta hennar.

Vegna mikillar samlegðar framkvæmdarinnar við áformaða framkvæmd á nýrri legu Suðurlandsvegar og nýrrar Ölfusárbrúar en sú framkvæmd hefur þegar farið í mat á umhverfisáhrifum og fjallað hefur verið um t.d. nauðsynlegar mótvægisáðgerðir, og vegna tiltölulega lítils verndargildis þeirra svæða sem verða fyrir raski vegna lagningu jarðstrengsins, telur Náttúrufræðistofnun ekki þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Vegna: Máls nr. 0324/2024, Selfosslína 1, breyting (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Matsfyrirspurnin var tekin fyrir á fundi skipulags- og umhverfisnefndar þann 17. apríl 2024 og var þar eftirfarandi bókað: Nefndin hefur yfirfarið skýrsluna og telur hana gefa góða mynd af þeirri framkvæmd sem fyrirhuguð er. Ekki eru gerðar athugasemdir við skýrsluna.

Höfundur: Sigurður Steinar Ásgeirsson/sigurdura@ölfus.is

Sent inn þann: 17.04.2024, **Fyrir hönd:** Sveitarfélagið Ölfus



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 17. apríl 2024
MÍ202404-0125/ 6.07 / K.M.

Efni: Selfosslína 1. Jarðstrengur og niðurrif eldri línu.

Minjastofnun Íslands hefur borist ósk um umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Til stendur að rífa niður loftlínu á syðsta hluta Selfosslínu 1 (66 kV) næst Selfossi og leggja 132 kV jarðstrengs í hennar stað. Í skýrslu Landsnets kemur fram að strengurinn verði lagður frá tengivirki Landsnets við Austurveg 66 á Selfossi og í norður út úr þéttbýlinu. Þaðan mun strengurinn verða lagður í nálægð við sveitarfélagmörk Árborgar og Flóahrepps, þvera fyrirhugað vegstæði nýs Suðurlandsvegar, þar sem strengurinn verður lagður norðan vegstæðisins. Í fyrsta áfanga verksins verður strengurinn tengdur loftlínu norðan vegstæðisins (mastur 114) en þegar ný brú verður komin yfir Ölfusá, mun strengurinn fara um nýja brú yfir Ölfusá og fylgir þaðan Ölfusá til norðurs að mastri 99 í Selfosslínu 1 skammt norðan við Hellisskóg. Áætluð lengd jarðstrengs frá tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 er um 3,1 km. Endanleg lega strengsins innan þéttbýlisins á Selfossi er óákveðin. Í skýrslu Landsnet segir að þó strenglega hnikist eitthvað til innan þéttbýlisins þá hafi það hverfandi áhrif á umhverfisáhrif enda sé um raskað land að ræða. Frá vesturenda nýrrar Ölfusárbrúar fer strengurinn eftir malarvegi á vesturbakka Ölfusár og í gegnum Hellisskóg meðfram vegslóða sem liggur í gegnum skóginn. Grafa þarf skurð, 80 cm breiðan og 125 cm djúpan, sem strengurinn verður lagður í.

Fjallað er um fornleifar í kafla 4.4 í skýrslu Landsnets. Þar er áréttað að framkvæmdasvæðið sé að stórum hluta á þegar röskuðu landi. Þá er greint frá skráningu fornleifa í tengslum við umhverfismat nýs Suðurlandsvegar sem gerð var af Fornleifafræðistofunni ári 2008. Sýnd er loftmynd úr skýrslunni sem sýnir skráðar fornleifar í nágrenni nýja vegarins og fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis rafstrengsins. Í skýrslu Landsvirkjunar segir að framkvæmdir við niðurrif loftlínu og lagningu jarðstrengs muni ekki hafa áhrif á umræddar minjar.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Nokkrar skýrslur eru til sem greina frá skráningu fornleifa á mismunandi spildum sem jarðstrengurinn og loftlínan fara um:

Byggðasafn Árnesinga. *Aðalskráning fornleifa í Árborg 1* frá árinu 2008.

Byggðasafn Árnesinga. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags norðan Mjólkurbús Flóamanna og Selfossveitna* frá árinu 2004.

Fornleifafræðistofan. *Fornleifaskráning á Suðurlandi vegna mats á umhverfisáhrifum Suðurlandsveggar* frá árinu 2008.

Fornleifastofnun Íslands ses. *Fornleifaskráning í Flóahreppi. Áfangaskýrsla I* frá árinu 2010.

Fornleifastofnun Íslands ses. *Fornleifaskráning í Helli, Ölfushreppi* frá árinu 2004.

Náttúrustofa Vestfjarða. *Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi við Svarfhólsvöll á Selfossi* frá árinu 2016.

Fornleifastofnun Íslands ses. *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla III* frá árinu 2020.

Sumar af þessum skýrslum eru komnar til ára sinna og skráningin sem greint er frá stenst í sumum tilfellum ekki kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar í dag.


Auk skýrslu Fornleifafræðistofunnar sem áður er fjallað um má einkum líta til skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða frá árinu 2016. Á minjavefsjá Minjastofnunar má sjá útlínur og staðsetningu fornleifa sem þá voru skráðar á golfvallarsvæðinu. Nokkrar þeirra eru nærri núverandi loftlínu sem rífa á niður en þó ekki það nálægt að þeim stafi hætta af niðurrífi línunnar.

Vestan Ölfusár skráði Fornleifafræðistofan áberandi kletta um 70 – 80 m vestan við ferjustaðinn (73:1) við Ölfusá. Klettarnir tengjast sögum af aftökum og þar er sögð vera álfabyggð. Klettarnir liggur í nokkurri fjarlægð frá gömlu loftlínunni sem rífa á niður og fyrirhuguðu framkvæmdasvæði nýja jarðstrengsins. Klettunum ætti ekki að stafa hætta af framkvæmdunum.

Nýr jarðstrengur liggur að stærstum hluta á þegar röskuðu svæði eða meðfram núverandi malarvegum og vegslóðum. Engar fornleifar eru skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði strengsins eða loftlínunnar sem rífa á niður. Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta*

friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Mál nr. 0324/2024 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0324/2024, Selfosslína 1, breyting (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Sett inn f.h. Flóahrepps, Ellisif-UTU.

„Umsagnarbeiðni um mál nr. 0324/2024 – Selfosslína 1, breyting, tilkynning um framkvæmd

Fyrir liggur umsagnarbeiðni úr Skipulagsgátt um mál nr. 0324/2024, Selfosslína 1, breyting, tilkynning um framkvæmd (tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu).

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir vegna máls nr. 0324/2024: Selfosslína 1, breyting, tilkynningu um framkvæmd (tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu). Skipulagsfulltrúa falið að senda inn umsögn fyrir hönd Flóahrepps til Skipulagsstofnunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.“

Höfundur: Ellisif Malmo Bjarnadóttir/skipulag@utu.is

Sent inn þann: 17.04.2024 , **Fyrir hönd:** Flóahreppur



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 15. apríl 2024
2403085HS SHJ

Efni: Selfosslína 1, breyting, nr. 0324/2024 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd

Þann 20. mars sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar breytingar á legu Selfosslínu 1 í landi Flóahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar.

Landsnet áformar að taka niður núverandi loftlínu frá tengivirkinu á Selfossi að mastri 99 skammt norðan við Hellisskóg og leggja í staðinn 132 kV jarðstreng, alls um 3,1 km. Mun jarðstrengurinn liggja að hluta til innan þéttbýlis á Selfossi en gert er ráð fyrir að hann fylgi að hluta til legu nýs Suðurlandsvegar og fari yfir fyrirhugaða brú yfir Ölfusá norðan Selfoss. Jarðstrengurinn mun því að mestu leyti liggja meðfram vegköntum og á þegar röskuðu svæði. Lagning hans mun hafa tímabundna og staðbundna röskun í för með sér en gert er ráð fyrir að ummerki um framkvæmdina verði mikið til horfin á nokkrum árum. Þá mun niðurrif loftlínunnar leiða til þess að að takmarkanir á landnotkun vegna hennar falla úr gildi, neikvæð ásýndaráhrif minnka auk þess sem áflugshætta fugla á þessum kafla verður úr sögunni.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar sem og mótvægisáðgerðum, en ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun umhverfisþátta. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, fyllingum, verktakaaðstöðu og starfsmannabúðum, skv. viðauka IV með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Jóhanna Hrund Einarsdóttir,
Sérfræðingur, Svið umhverfismats
johanna.h.einarsdottir@skipulag.is

Umsögn vegna matsskyldu fyrir breytingu á Selfosslínu 1 - Jarðstrengur frá tengivirki í Árborg, vestur yfir Ölfusá.

Mál nr. 324/2024

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar matsskyldufyrirspurn vegna breytingu á Selfosslínu 1, jarðstreng frá tengivirki í Árborg og vestur yfir Ölfusá, sem unnin er af Eflu verkfræðistofu dags 14.03.2024.

Vegagerðin hefur unnið með Landsneti að undirbúningi vegna nýs Hringvegar um Ölfusá undanfarin ár og er þessi breyting í samræmi við þá vinnu.

Samkvæmt vegalögum má aðeins leggja leiðslur yfir, undir eða meðfram þjóðvegum, með samþykki Vegagerðarinnar. Með orðinu leiðsla er átt við hvers konar útbúnað sem þarf að koma fyrir vegna lagningar leiðslu, þ.e. leiðslan sjálf og einnig t.d. skurðir, stólpar og festingar vegna slíks útbúnaðar.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt



Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is



Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2024
UST202403-337/A.B.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn- Selfosslína 1

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst 23. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð kemur fram að Landsnet hyggst leggja nýjan 132 kV jarðstreng frá tengivirkinu á Selfossi norður að mastri 99 í Selfosslínu 1 skammt norðan við Hellisskóg. Kemur strengurinn í stað núverandi loftlínu. Nýi jarðstrengurinn verður að hluta til innan þéttbýlis á Selfossi. Ráðgert er að hann fylgi að hluta legu nýs Suðurlandsvegjar og fari yfir fyrirhugaða brú á Ölfusá norðan við Selfoss. Endanleg lega innan þéttbýlisins á Selfossi er óákveðin, en meðal annars þarf að taka tillit til annarra veitna, gildandi skipulags og framtíðar hugmynda um uppbyggingu og veglínur ásamt því að rými þarf að vera fyrir jarðstreng og helgunarsvæði hans. Þó að strenglega hnikist eitthvað til innan þéttbýlisins þá hefur það þó hverfandi áhrif á umhverfisáhrif enda allt raskað land.

Auk þess kemur fram að mannvirkjagerð er takmörkuð innan helgunarsvæðis 132 kV jarðstrengja og því þarf jafnframt að hafa það í huga því gildandi aðalskipulag heimilar talsverða uppbyggingu á verslunar- og þjónustusvæði á fyrirhugaðri strengleið.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð kemur fram að gróðurrask á yfirborði grær með tímanum og framkvæmdin er að mestum hluta á manngerðu svæði og í vegköntum og tekur Umhverfisstofnun undir að með góðum frágangi mun ummerki hennar hverfa fljótlega.

Umhverfisstofnun bendir á að eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru ekki friðlýstar náttúruminjar. Umhverfisstofnun tekur undir að hraun undir þykku jarðvegslagi nýtur ekki lengur sérstakrar verndar samkvæmt ofangreindu ákvæði.

Umhverfisstofnun tekur einnig undir að vegna framkvæmda geti orðið tímabundið rask á búsvæðum fugla og varpi fuglanna.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

Breyting á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 - breyting á legu Selfosslínu 1

Afgreiðsla og bókun Bæjarstjórnar Árborgar dags. 24.4.2024, vegna tilkynningar til ákvörðunar um matskyldu:

Tillaga frá 26. fundi skipulagsnefndar liður 6. Breyting á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 - breyting á legu Selfosslínu 1. Ráðgjafafyrirtækið Efla, í samráði við Landsnet og sveitarfélögin Flóahrepp og Árborg, leggur fram tillögu að breyttu Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, vegna breyttrar legu Selfosslínu 1, sem auglýst verður, skv. 1.mgr. 31.gr. skipulagalaga nr.123/2010. Lýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, hefur verið kynnt almenningi frá 8.febrúar 2024, til og með 29 febrúar 2024. Samhliða var lýsing kynnt vegna sambærilegrar breytingar á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Tillagan hefur verið kynnt í samræmi við 2. mgr. 30.gr. skipulagslaga, frá 13. mars til og með 3. apríl 2024, í báðu sveitarfélögum. Í breytingunni felst breytt lega raflínu innan aðalskipulags Árborgar og Flóahrepps. Landsnet ráðgerir að Selfosslína 1 (66 kV) verði tekin niður á kaflanum frá núverandi tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 sem er norðan við Hellisskóg, norðan Ölfusár. Í staðinn verði lagður 132 kV jarðstrengur. Nýr jarðstrengur mun í megindráttum fylgja nýrri legu Suðurlandsvegur norðaustan við Selfoss og fara um nýja brú yfir Ölfusá, fylgir þaðan Ölfusá til norðurs. Áætluð lengd jarðstrengs frá tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 er um 3,1 km. Núverandi háspennulína og fyrirhugaður jarðstrengur liggja um Sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp. Breytingin nær til þéttbýlis á Selfossi og dreifbýlis beggja vegna Ölfusár, norðan og austan við Selfoss. Breytingin nær einnig til dreifbýlis í Flóahreppi. Í breyttri tillögu Aðalskipulags Árborgar 2020-2036, eftir kynningu, er gert ráð fyrir að strengurinn muni fara í jörðu norðan við Austurveg (var áður við Larsenstræti) frá Spennavirkishúsi Landsnets og til norðurs, austan við hreppamörk Flóahrepps. Til skoðunar er í samráði við Vegagerðina, að strenglega verði þar færð nær nýjum Suðurlandsvegi, þ.e. meðfram hringtorgi því er beinir umferð niður á núverandi hringtorg austast á Austurvegi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar um matsskyldu, sbr. tl. 13.02 í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður unnin matstilkynning og send til Skipulagsstofnunar. Skipulagsnefnd Árborgar samþykkti tillögu að breytingu á gildandi Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, dags. 7.4.2024, í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr.123/2010 og mælist til við bæjarstjórn Árborgar að samþykkja tillöguna í samræmi við ofangreindar greina skipulagslaga, og feli skipulagsfulltrúa að leita heimildar Skipulagsstofnunar, til að auglýsa hana í samræmi við 1.mgr, 31. gr. skipulagslaga. Skipulagsfulltrúa verði falið að leita umsagna frá eftirtöldum stofnunum: Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni, Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skógræktarfélagi Selfoss, auk Lands og Skóga.

Bragi Bjarnason, D-lista, tekur til máls. Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 11 atkvæðum.